



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

1. mars 2012
9. tbl. · 29. árg.




Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



Níráður Arnór

„Parna var gömul baðstofa sem allar fjölskyldurnar bjuggu í. Tvær þeirra höfðust við í risinu og þar var skilrúm sem skipti henni en haft gat á því svo fólk gæti talast við,“ segir Arnór Stígsson um lífið í Hornvík á árum áður. Arnór varð níráður í janúar og lítur yfir farinn veg á miðopnu blaðsins.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Lætur ekki Parkinson sjúkdóminn stoppa sig og hjólar hringinn í sumar

„Ég ætla að ögra sjálfum sér og skora á landsmenn í leiðinni að hreyfa sig í svipuðu hlutfalli og ég get,“ segir Ísfirðingurinn Snorri Már Snorrason, sem er með Parkinson sjúkdóm og með 75% örorkumat. Hann lætur veikindin ekki stoppa sig við hreyfinguna og er ekkert smeykur að stunda íþróttir. Í sumar hyggst hann hjóla hringinn í kringum landið og hvetur fólk til að heita á sig. Hann biður þó ekki um peningagjafir, heldur hvetur hann fólk til að skuldbinda sig til að hreyfa sig meira.

„Hugsunin er, þín hreyfing er þinn styrkur. Ég vil að fólk hugsi um það hvað hreyfing er mikilvæg, en ég verð t.d. að hugsa um þetta af því að ég er dæmdur

með þennan sjúkdóm. Ég kalla þetta parkahringinn, en ég veit ekki þegar ég legg af stað hvort að þetta verði kvarthringur, hálfhringur eða heill hringur, það fer eftir því hvar ég gefst upp, þó að ég stefni auðvitað að því að hjóla heilan hring.“

Parkinson sjúkdómurinn hefur töluverð áhrif á hreyfigetu Snorra Má. „Ég fær vöðvaverki, kraftleysi og er allur hægari í hreyfingum þannig að þetta er mjög mikil áskorun. Ég get stundum farið yfir strikið og hreyft mig of mikið, en þá þarf ég t.d. að fá aðstoð við að komast af hjólinu.“

Snorri Már bætir því hins vegar við að hreyfingin skipti sköpun við að halda sjúkdómnum í skefjum. „Allavega kem ég mjög vel



Snorri Már lætur Parkinson sjúkdóminn ekki stöðva sig og stundar íþróttir að fullum krafti.

út úr því að hreyfa mig mikið. Ég greindist með sjúkdóminn fyrir átta árum og ég er ennþá í fullri vinnu og get stundað íþróttir. Ég

finn fyrir því um leið og ég svindla og hreyfi mig ekki. Hreyfing fyrir mér er meðal númer eitt.“

Ferðalag Snorra Má hefst 3.

júní og stefnir hann að því að hjóladagarnir verði 14 til 16. Unnið er að gerð vefsíðu sem kemur í loftið fljótlega.



Vilja taka við rannsóknunum Páls

Melrakkasetur Íslands í Súðavík hefur boðist til að taka við rannsóknum á íslenska refastofninum sem Páll heitinn Hersteins-son, prófessor við Háskóla Íslands sinni í yfir 32 ár. Rannsóknir Páls hafa skilað af sér vel þekktu gagnasafni um refastofninn hér á landi. Rannsóknirnar

voru unnar í samstarfi við veiðimenn víðsvegar af landinu sem sendu refahræ til krufningar og aldursgreiningar.

Forsvarsmenn Melrakkasetursins vonast til að geta haldið starfi Páls áfram en gagnaöflun byggist á því að nægjanlegur fjöldi hræja berist og að þau end-

urspegli stofninn í tíma og rúmi. Setrið hefur sótt eftir styrk til að taka við rannsóknunum og ef af verður, fellur stofnmat á refum á Vestfjörðum inn í heildar rannsóknina á landsvísi. Stefnt er að því að hægt verði að senda fyrstu niðurstöður með vorinu.

— asta@bb.is



Taka undir með kröfum Austfirðinga

Bæjarstjórar Vesturbyggðar, Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar taka undir með kröfum Austfirðinga um að byggingu Norðfjarðarganga verði flýtt og hvetja stjórnvöld til að finna leiðir til að hefja þar framkvæmdir strax á næsta ári.

„Við Vestfirðingar þekkjum það betur en flestir aðrir landsmenn hversu nauðsynlegt það

er að samgöngur milli byggðarlaga séu öruggar,“ segir í yfirlýsingu sem bæjarstjórnirnar hafa sent frá sér. Einnig minna þeir á nauðsyn þess að tengja saman byggðarlög á Vestfjörðum með Dýrafjarðargöngum, en bæjarstjórnir telja að slíkar vegbætur verði að koma strax í kjölfar Norðfjarðarganga.

— asta@bb.is

Ríkissjóður bótaskyldur gagnvart nemanda Menntaskólans á Ísafirði

Ríkissjóður er bótaskyldur vegna slyss sem nemandi í húasmíði við Menntaskólann á Ísafirði varð fyrir árið 2007. Þegar slysið átti sér stað var nemandinn að vinna við að festa sperrur á þakkant á sumarhúsi sem í smíði var á skólalóðinni. Snjór var á jörðu þegar slysið varð en álstigi sem nemandinn stóð á við verkið rann undan honum þannig að hann slasaðist við fallið. Samkvæmt örorkumati nam varanlegur miski nemandans vegna slyssins 8 stigum og varanleg örorka 10%. Töldu forsvarsmenn

ríkissjóðs að ósannað væri að nemandinn hefði orðið fyrir tjóni umrætt sinn og því gæti hann ekki haft uppi viðurkenningar-kröfu. Á þetta féllst Hæstiréttur ekki og staðfesti dóm héraðsdóms og viðurkenndi bótaskildu ríkissjóðs.

Hæstiréttur féllst á með héraðsdómi að álstigi sem notaður var við verkið hafi ekki hentað án frekari öryggisráðstafana og að auðvelt hefði verið að gera ráðstafanir til að auka öryggi nemandans, til dæmis með því að reisa vinnupalla við langhliðar

bústaðarins. Virða yrði það kennaranum til vanrækslu að sjá ekki til þess að beitt væri verklagi sem tryggði öryggi betur en í raun var gert. Aðstaður við að reisa sumarhúsið á lóð Menntaskólans á Ísafirði voru um flest hliðstæðar því sem gerist við húsbyggingar almennt. Því telur Hæstiréttur að hafa megi uppi álíka kröfur til aðbúnaðar og öryggis á verkstað, en gera verður ríkari kröfur til eftirlits og leiðbeiningarskyldu kennara en gerðar verða til verkstjóra á vinnustað.

— asta@bb.is



Menntaskólinn á Ísafirði.

Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga.

Hvað þýðir það nákvæmlega?

Viðskiptavinir TM eru ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga, samkvæmt íslensku ánægjuvuginni 2011. Það er sannarlega munur á tryggingafélögum og hvernig þau sinna viðskiptavinum sínum.

Frá árinu 2005 hafa margir viðskiptavinir TM, sem lentu í tjóni, deilt með okkur hvernig þeir upplifðu úrlausn sinna mála. Svörin sýna ekki aðeins að það skiptir miklu máli hvar þú tryggir, heldur líka af hverju.

Í fyrsta lagi er ráðgjöfin sem þú færð þegar þú kaupir tryggingar lykilatriði. Með rétttri ráðgjöf veistu hvað þú þarft að tryggja og lendir síður í því að verða fyrir tjóni sem tryggingarnar ná ekki yfir.

92%

92% viðskiptavina TM fengu tjón sitt bætt samkvæmt könnun Capacent.



Maður veit víst aldrei hvað gerist næst...

Í öðru lagi er það allra hagur þegar tjónamál koma upp að úr þeim sé leyst fljótt og vel. Því fyrr sem lífið kemst í samt horf, því betra fyrir alla og góð viðbrögð skipta öllu máli.

Á afhverju.tm.is getur þú séð fjölda umsagna viðskiptavina sem lent hafa í tjóni og notið þjónustu TM.

Í þriðja lagi getur skipt miklu hvernig brugðist er við tjóninu sjálfu. Ef fyrirtæki lendir til dæmis í bruna er mikilvægt að komast hjá því að reksturinn stöðvist. Þá skiptir afgreiðsla og aðkoma tryggingafélagsins miklu máli.



Á síðustu 13 árum hefur TM 11 sinnum verið með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.

Það er stefna TM að samband okkar og viðskiptavina sé langtímasamband, byggt á trausti og gagnkvæmum ávinningi. Ef eitt-hvað kemur fyrir, þá vilt þú vera hjá TM.



Skinnklæði upp á nýtt

Sandra Borg Bjarnadóttir lauk nýlega fatahönnunarnámi á Ítalíu en hún notaði endurgerð á íslenskum skinnklæðum sem grunn fyrir lokaverkefni sitt. Hún hefur nú komið sér upp vinnustofu í Bolungarvík þar sem hún vinnur jöfnum höndum í málma og afganga af fánum.

Allt í flækju

„Ég hef nýlokið þriggja námi í fatahönnun í Róm og er nýkomin heim aftur. Þegar það gekk illa að fá vinnu í Reykjavík ákvað ég að eyða restinni af sparifénu í að leyfa mér að þróa áfram hugmyndir hér á þessari vinnustofu í Bolungarvík. Amma, afi og mamma búa hér og ég var að vinna á Náttúrustofunni árið 2010.“

Í þeirri dvöl rakst Sandra Borg á íslensk skinnklæði.

„Ég var að vinna í miðasölunni í Ósvör og spurði hvort ég mætti fá klæðin þar lánuð til að skoða sniðið betur. Þá var mér sagt að lengi hefði staðið til að endurera skinnklæðin. Það yrði vel þegið ef ég gæti tekið það að mér. Þá fór ég að rannsaka þetta betur. Mér fannst áhugavert að skoða hvernig klæðin eru samsett, sjálf sniðin. Af hverju þau þróuðust svona en ekki öðruvísi.“

Sandra Borg sökkta sér á kaf í verkefnið.

„Ég skoðaði flest það sem hægt er að skoða tengt skinnklæðunum en veit þó ekki enn hvaðan sniðið á klæðunum í Ósvör er komið. Þau skinnklæði voru gerð eftir búningunum sem voru notaðir í heimildamyndinni Íslands þúsund ár. Þau eru því ekki nákvæmlega eins og þau í bókinni Íslenskir sjávarhættir. Stakkurinn er eins en brókunum hefur verið breytt lítillega. Ég skoðaði margar bækur en í flestum þeirra er í mesta lagi einn kaflí tekinn undir skinnklæði, jafnvel bara nokkrar línur. Flestar þessar útskýringar virðast byggðar hver á annarri og innihalda því sömu upplýsingar. Þetta er í raun allt í flækju og mig dreymir um að rannsaka þetta mun betur.“

Vaxborinn hörþráður

Skinnklæði Söndru Borgar eru geymd á Náttúrustofunni í Bolungarvík.

„Ég ætlaði að sauma vestfirskan stakk en skinnin voru ekki nógu stór. Skinnastærðir höfðu áhrif á hvernig klæðin þróuðust á sínum tíma. Skinnið hefur ráðið en ekki

sniðið. Íslenskir sjómenn höfðu ekki tæki og tól til að sauma skinnklæði eftir nákvæmum sniðum. Þeir höfðu ekki heldur tíma eða peninga til að þæla sérstaklega í útliti skinnklæðanna. Þau voru saumuð úr því sem var til og á þann hátt sem þótti bestur á hverjum tíma. Ef menn voru ríkir var kannski hægt að splæsa góðum sauðaskinnnum í stakkinn og þá leit hann betur út. Ef fólk var fátækt notaði það hvað sem var og gat þá endað í hálfgerðum bútasumi. En þannig kom „sniðið“ til sem ég saumaði fyrir Ósvör. Það var notað þegar aðeins lítil skinn voru í boði. Þegar ég endurgerði klæðin var ég heldur ekki með vaxborinn hörþráð eins og notaður var í gamla daga. Sá þráður er reyndar líka vísindi út af fyrir sig.“

Lokaverkefni Söndru Borgar í fatahönnunarnáminu var að hanna fatalínu fyrir karlmenn. Þá línú byggði hún á rannsóknum sínum á skinnklæðunum.

„Kennararnir voru mjög heilladír af þessum klæðum. Það væri gaman að halda áfram að rannsaka klæðin og jafnvel búa til nýja bók. Annars er ég enn að komast að því hvað mig langar til að gera. Það heillar mig ekki að hanna árstíðabundnar fatalínur, halda tískusýningar og keppast um frægð og frama sem fatahönnuður.“

Ósvararmaðurinn

- Hvernig kunnirðu við þig í Róm?

„Borgin er náttúrlega frábær og það var gaman að vera innan um fornminjarnar og taka strætó framhjá Colosseum á hverjum morgni. Ég kynntist líka skemmtilegum listahópi sem ég hef verið að vinna með. Hópurinn kallar sig Artcock og einbeittir sér að götulist. Hann hefur líka verið að endurera gömul málverk og búa til tónlistarmyndbönd sem ég hef hannað búninga fyrir.“

- Í hverju ertu að vinna núna?

„Ég er að spá svolítið í Ósvararmanninum. Til dæmis að þrykkja hann á boli fyrir Náttúrustofuna. Þetta er svona minjagripapæling. Ég hef líka verið að gera taupoka út gömlum afgangum frá Fána-smiðjunni. Eins er ég að læra suðu og málmsmiði í menntaskólanum. Ég veit ekki alveg hvað ég ætla að gera við það en það er svona ýmislegt í gangi.“

Á vinnustofunni er áberandi mikið af hljóðfærum og blaða-



maður spyr Söndru Borg að lokum hvort hún fái stöð tónlist.

„Já, ég lærði á selló þegar ég

var yngri og er að reyna að halda mér við. Ég lærði líka á píanó og tók einhverja trommutíma. Það

er ágætt að fíka við þetta á vinnustofunni þegar enginn heyrir til.“

– Huldur Breiðfjörð.

góðir grannar



samkaupurval.is



Úrvals nautaborgarar 120g
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir



198 kr kg

Kindabjúgu 2 stk 420g
frá Kjötseli

Úrvals nautafilé
úr kjötborði eða pökkuð fersk

3.998 kr/kg

299 ^{kr} _{stk}

Natural Mill krydd&kvörn
salt 90g / pipar 50g



119 kr pk

Disney-ávaxtasafi
3 x 200 ml



Úrvals nautahakk

1.595 kr/kg



Blönduð ber 300g
fryst fersk, frá Coop



Appelsínur

135 kr/kg



...sjá fleiri **tilboð** á **samkaupurval.is**

Ekki ætlunin að verða óperusöngkona

Ísfrska sópransöngkonan Herdís Anna Jónasdóttir er komin heim frá Berlín til að fara með hlutverk Músettu í óperunni La Bohème sem frumsýnd verður 16. mars í Íslensku óperunni. Herdís Anna er 28 ára, dóttir Sigríðar Ragnarsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar og Jónasar Tómassonar tónskálds og auk genanna ber hún svipmót síns fólks. Í viðtalinu í Fréttablaðinu á laugardag var hún spurð hvort það hafi verið til bóta eða бага fyrir hana að vera af þekktu tónlistarfólki.

„Ég veit það ekki. Það þekkjast svo sem allir í tónlistarbransan-

um hér á Íslandi en það var plús fyrir mig að alast upp í þessu umhverfi. Það komu svo margir vestur á Ísafjörð í sambandi við tónleikahald og þá voru alltaf veislur heima. Yfirleitt komu listamennirnir í mat fyrir tónleika og svo í partí á eftir. Mér sem krakka fannst þetta bæði spennandi og skemmtilegt fólk.“

Herdís Anna kveðst hafa átt erfitt með að velja milli píanós og fiðlu og lærði því á hvort tveggja til 6. og 7. stigs. Einnig lauk hún 6. stigi í söng hjá Ingunni Ósk Sturludóttur og Guðrúnu Jónasdóttur. Hún ætlaði samt alltaf að verða leikkona. Á



Herdís Anna Jónasdóttir.

menntaskólaárunum kveðst Herdís Anna hafa tekið þátt í öllum leiksýningum, meðal annars Söngvaseið sem Litli leikklúbburinn og Tónlistarskóli Ísafjarðar settu upp árið 2003 undir leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. „Okkur var boðið með Söngvaseið í Þjóðleikhúsið sem bestu áhugamannaleiksýningu ársins og vorum með þrjár sýningar þar. Það var mikið ævintýri.“

Herdís Anna á bráðum sex ár að baki við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Hún hefur sungið í barnasýningum í tveimur af þremur stærstu óperuhúsum Berlínar, Komische og Staat-

soper Unter den Linden, aðalhlutverk í því síðarnefnda. Einnig hefur hún margoft sungið við Neuköllner Oper og Konzerthaus í Berlín. Lokatónleikar hennar við skólann verða í maí í vor, með hljómsveit. „Ég er að reyna að starta söngferlinum,“ segir hún brosandi og opinberar drauminn um að geta valið um verkefni. „Maður er alltaf að bíða eftir að verða uppgötvaður en þetta gerist ekki þannig. Þetta er bara vinna og söngheimurinn er harður. Mín reynsla er samt sú að „þegar einar dyr lokast þá opnast alltaf gluggi annars staðar“ eins og segir í Söngvaseið! —thelma@bb.is

Gunnar Már íþróttamaður Bolungarvíkur

Gunnar Már Elíasson var útnefndur íþróttamaður Bolungarvíkur árið 2011 við formlega afhöfn í Félagsheimili Bolungarvíkur á laugardag. Gunnar Már var fyrirliði knattspyrnuliðs BÍ/Bolungarvíkur sem lék í 1. deild síðastliðið sumar, en liðið hafnaði í 6. sæti deildarinnar sem telst góður árangur í ljósi þess að það hefur aldrei spilað í svo sterkri deild áður. Gunnar Már lék 17 af 22 deildarleikjum liðsins og stóð sig ávallt vel. Árangur BÍ/Bolungarvíkur í bikarkeppni KSÍ vakti verðskuldaði athygli þar sem liðið fór alla leið í undanúrslit þar sem Íslandsmeistarar

KR voru mótherjarnir. Gunnar Már skoraði í þeim leik eitt af eitt af glæsilegri mörkum sem skoruð hafa verið á Torfneshvelli á Ísafirði.

Í umsögnum um Gunnar Már var einnig tekið fram að hann er talinn vera fyrirmyndar leikmaður sem leggur sig ætíð allan fram, tekur leiðsögn vel og er alltaf tilbúinn til að bæta sig. Fjórir voru tilnefndir sem íþróttamaður ársins 2011 í Bolungarvík, auk Gunnars Mús Elíassonar voru það Bragi Björgmundsson fyrir hestaíþróttir, Daði Arnarson fyrir golf og Þórir Guðmundsson fyrir körfuknattleik.



Gunnar Már Elíasson íþróttamaður Bolungarvíkur ásamt fjölskyldu sinni. Ljósmynd: vikari.is.

Heilsuþæring Bolungarvík fékk sérstaka viðurkenningu fyrir að hafa stuðlað að aukinni þátttöku Bolvíkinga í almennings-

íþróttum og aukið þar með lífsgæði bæjarbúa og bætt heilsu þeirra. Þá fékk Bragi Björgmundsson sérstaka heiðursviður-

kenningu fyrir áratuga starf að hestamennsku og hestaíþróttum í Bolungarvík. Frá þessu var greint á vikari.is.

Spurningin

Ætlar þú á rokkhátíðina Aldrei fór ég suður?

Alls svöruðu 635.
Já sögðu 390 eða 61%
Nei sögðu 181 eða 29%
Óvíst sögðu 64 eða 10%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðaustan og austan 10-18 m/s með rigningu, einkum á sunnanverðu landinu. Hlýnar í veðri.

Horfur á laugardag: Suðaustan 10-15 m/s og rigning eða slydda um austanvert landið en hæg breytileg átt vestan til og skýrir eða el. Hiti 0-7 stig.

Horfur á sunnudag: Suðlæg átt og bjartvirði norðantil en skúrir eða slydduél syðra. Kólnandi.

Ritstjórnargrein

Samstaða

Stuðningur við Austfirðinga er kjarni sameiginlegrar yfirlýsingar bæjarstjóra Vesturbýggðar, Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar við kröfu Austfirðinga um að gerð Norðfjarðarganga verði flýtt og að stjórnvöld finni leiðir til að hefja framkvæmdir strax á næsta ári. Samgönguráðherra hefur látið orð falla í þá veru, í tengslum við í vegagerð, að líkja megi ástandinu við menn sem þannig er ástatt fyrir að sumir þeirra eru skólausir, en aðrir telji sig þurfa betri skó. Þessa samlíkingu kvað ráðherrann eiga við um hluta Vestfirðinga, þeir væru skólausir. Því bæri að setja Vestfirði í forgang með vegagerð.

Knappt kveðið eru Austfirðingar, með sín Norðfjarðargöng, ekki í hópi þeirra skólausu. Fram hjá því verður þó ekki horft að skófatnaðinum (svo haldið sé áfram með samlíkinguna) hvað þetta varðar, er þannig háttað, að segja má að lítið sé skárri en enginn sökum þeirrar hættu sem daglegt brúk, sem ekki verður komist hjá, hefur í för með sér.

Líkt er á komið með Austfirðingum og Vestfirðingum, þegar horft er yfir sviðið. Há fjöll umlykja þrönga firði og flatlendi smátt skammtað. Öldum saman horfðust menn í augu við að einu samgönguleiðirnar milli byggðarlaga voru sjóleiðis eða yfir fjallaskörð og háar heiðar. Vissulega hefur orðið bylting í vegagerð á Íslandi. Eigi að síður eru byggðakjarnar umræddra landsfjórðunga enn að meira eða minna leyti einangraðir hver frá öðrum, mislangan tíma ár hvert, eftir árferði.

Og svo verður áfram um ófyrirséðan árafjölda nema stjórnvöld, hreint út sagt, taki á sig rögg.

Um leið og bæjarstjórar sveitarfélaganna þriggja lýstu yfir stuðningi við Austfirðinga undirstrikuðu þeir ástandið heima fyrir: nauðsyn tengingar byggðarlaga á Vestfirðum með Dýrafjarðargöngum, framkvæmd sem hvað eftir annað hefur verið frestað. Þær vegabætur verði að koma strax í kjölfar Norðfjarðarganga. Í raun þola Dýrafjarðargöngin enga bið, og yfir hálfir aldar gamall kerruvegur yfir Dynjandisheiði, segir allt sem segja þarf um skóleysið.

Íbúum Vestfjarða og Austfjarða er að öðrum ölstuðum ljósara að varanlegasta, öruggasta og til framtíðar lítið vafalítið hagkvæmasta lausnin (viðhald og rekstur) á samgöngum í þessum landshlutum, liggur í jarðgöngum og þverun fjarða, þar sem annað er ekki í boði, svo viðunandi sé.

Það er þyngra en tárur taki að á sama tíma og ráðherrann kveðst berjast fyrir því að „skóa“ Vestfirðinga skuli hann leggjast gegn vilja þeirra um vegstæði og ætla þeim að búa áfram við hættulegar leiðir yfir illfæra hálsla.

Vestfirðingar og Austfirðingar eiga samleið í réttmætum kröfum um heilsárs samgönguleiðir innan fjórðunganna, eina af megin forsendum öflugri byggðar í þessum landshlutum.

Fram hjá þessu verður ekki lengur horft.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Mikill hugur í vestfirskum listamönnum

Hundrað félagar eru skráðir í Félag vestfirskra listamanna sem var stofnað í apríl í fyrra. „Þetta er allt á uppleið en ólíkt öðrum félögum þá geta allir gengið í félagið, bæði listamenn og njótendur vestfirskrar listar. Það geta verið einstaklingar, félög, fyrirtæki, sveitarfélög og bara allir þeir sem vilja styrkja og efla vestfirsku list,“ segir Elfar Logi

Hannesson, stjórnarmaður. Félagið var stofnað á fyrsta listamannafinginu sem haldið var á Vestfjörðum í vor en stefnt er að slíku þingi 12. maí en staðsetning þess óráðin. „Félagsmenn mega endilega koma með hugmyndir að góðum fundarstað. Við munum fá til okkar góða gesti eins og við höfum alltaf gert en þrátt fyrir að félagið sé enn á fjórða

starfsárinu er þetta í fjórða sinn sem þingið verður haldið.“

Fyrsta verkefni félagsins var að gefa út sérstakt kynningarrit um félagsmenn sem fékk heitið List á Vestfjörðum. Kynningarritinu var dreift inn á öll heimili á Vestfjörðum og hefur því einnig verið dreift á hinum ýmsu stöðum á landsbyggðinni sem og í Reykjavík. „Óhætt er að segja

að tímaritinu hafi verið vel tekið enda er hér á ferðinni mjög vönduð útgáfa sem er sannarlega kominn til að vera,“ segir Elfar Logi.

Hann segir að tímritið sé komið til að vera en næst kemur List á Vestfjörðum út í haust og verður dreift sem víðast um landið. „Fjallað er um listamenn alls staðar af Vestfjörðum og ljóst að listin er í blóma í fjórðungnum enda eitt af stóru tækifærunum til að byggja upp byggðina. Það er ekki nokkur spurning að það leynast mörg tækifæri í listinni. Blaðið fékk dúndur góðar viðtökur og við erum vongóð að svo verði einnig í haust.“

Ljóst er að þörf var fyrir félag

af þessu tagi. „Félagið hefur nú þegar tengt fólk betur saman. Listamenn hafa kynnst og tengst og jafnvel orðið samspil þeirra á milli í kjölfarið. Það er mikið betra að vinna saman heldur en að hver sé í sínu horni. Þannig næst besti árangurinn. Mikill hugur er í listamönnum og gaman að sjá hvað allir hafa stóra og mikla drauma. Þetta eru bara vestfirsku genin, það þýðir ekkert að vera hugsa smátt heldur verður maður að leyfa sér að dreyma. Það kostar ekki neitt,“ segir Elfar Logi. Skráningar í félagið skal senda á netfangið kmedia@kmedia.is.

– thelma@bb.is



STYRKIR FYRIR UNGMENNA- OG ÆSKULÝÐSSTARF Á VESTFJÖRÐUM

Evrópa unga fólksins veitir styrki fyrir ungt fólk á aldrinum **13-30 ára** og þá sem starfa með ungu fólki. Á hverju ári veitir Evrópa unga fólksins á Íslandi um **200.000.000.kr** í styrki til góðra verkefna sem skipulögð eru af ungu fólki og/eða fyrir ungt fólk.



Opin kynning á Evrópu unga fólksins:
Þriðjudaginn 6. Mars
Kl. 20:00- 21:00

Námskeið í útfyllingu umsókna:
Þriðjudaginn 20. mars
Kl. 17:00 - 20:00
Boðið verður uppá kvöldverð á námskeiðinu

Kynningin og námskeiðið verða bæði í **Sundhöll Ísafjarðar–Austurvegi 9**

Hægt er að bóka fund með fulltrúa Evrópu unga fólksins frá kl 10-16 Þriðjudaginn 20. mars og miðvikudaginn 21. Mars.

Öllu ungu fólki og þeim sem starfa með ungu fólki er boðið að mæta á kynningar og námskeið og er aðgangur ókeypis.



Um 150 manns kynntu sér starfsemi Trésmiðju Ísafjarðar.

Opið hús hjá Trésmiðju Ísafjarðar

Tæplega 150 manns kynntu sér starfsemi Trésmiðju Ísafjarðar á opnu húsi sem fyrirtækið efndi til á föstudag. Að sögn Halldórs Antonssonar, eins af eigendum fyrirtækisins, voru gestir ánægðir með kynninguna. Auk þess að skoða verksmiðjuna, forvitnuðust margir um smíði innréttinga og óskuðu eftir tilboðum. Halldór segir að alla vélar séu komnar í gang og vonandi næg verkefni framundan.

„Við erum með þó nokkuð af verkefnum og þurfum sennilega að fara að ráða einhvern mann-

skap,“ segir Halldór, en auk hans eru það Vignir Guðmundsson, Júlíus Ólafsson og Einar Björnsson og Hjálmar Guðmundsson sem standa að hinu nýstofnaða fyrirtæki.

Meðal skemmtilegra verkefna sem fyrirtækið hefur tekið sér fyrir hendur er að hanna og fræsa kajak árar. „Kajakræðarar eru virkilega ánægðir með þessarar árar og hafa sýnt þeim mikinn áhuga,“ segir Halldór, en það er mjög fátítt að slíkar árar séu smíðaðar hér á landi.

– asta@bb.is



Auk þess að skoða verksmiðjuna, forvitnuðust margir um smíði innréttinga og óskuðu eftir tilboðum.



X-C

SAMSTAÐA

– flokkur lýðræðis og velferðar

Kynningarfundur laugardaginn 3. mars
kl. 13:00 á Pönnukökubarnum á Ísafirði.

Lilja Mósesdóttir, alþingismaður
svarar fyrirspurnum úr sal.

ALLIR VELKOMNIR!

Hinn níræði Arnór Stígsson fæddist á Horni og eyddi þar fyrstu 24 árunum. Blaðamaður BB spjallaði við hann um lífið á Hornströndum og fékk að heyra skoðanir hans á lífríki staðarins; björgunum, fuglinum og refnum.

Maður tók þessu bara eins og það var

Fjórir bændur

„Ég er fæddur 1922 og ólst upp á Horni í Hornvík en við vorum níu systkinin sem komumst upp. Þarna var þessi hefðbundni búskapur sem tíðkaðist á þessum stöðum, kindur, kýr og hestar. En sjórinn var náttúrlega aðalat-vinnuvegurinn. Það bjuggu fjórir bændur á Horni, þeir áttu mismikið í landinu en það var alltaf samvinna. Landinu var reyndar ekki skipt fyrir 1932. Þangar til var búskapurinn sameiginlegur og skipti fóru fram eftir því hvað hver átti mikinn part í jörð-inni. Sjávarfangið var náttúrlega bara upp á hlut,“ segir Arnór.

„Bændurnir hófu allir búskap á Horni í gegnum tengsl og vensl. Því var þetta bara eins og ein fjölskylda. Þarna var gömul baðstofa sem allar fjölskyldurnar bjuggu í. Tvær þeirra höfðust við í risinu og þar var skilrúm sem skipti rýminu en haft gat á því svo fólk gæti talast við. En auðvitað heyrðist allt sem fram fór beggja megin. Ein fjölskyldan var niðri og á dyraloftinu bjóein. En við krakkarnir vorum náttúrlega allsstaðar.“

- Hvað voru krakkarnir margir?

„Ætli það hafi ekki verið um 20 stykki. Síðan þegar farkennslan hófst bættist enn í hópinn. Kennslan var svona 3 mánuðir og krakkarnir byrjuðu 7-8 ára og lærðu framundir fermingu. Sumir kennararnir voru bara af næstu bæjum en þeir komu líka úr Aðalvík og jafnvel lengra að. Þeir kenndu okkur málfræði, reikning, skrift, náttúrufræði og þetta sem maður þurfti helst á að halda.“

Lestrarfélag

Aðspurður hvað fólk á Horni hafi gert til að lyfta sér upp, svarar

Arnór:

„Það var nú ekki mikið gert af því en ég man eftir að það voru haldnir dansleikir við frumstæðar aðstæður því húsplássid var ekki mikið. Í Hornvík voru ungir menn sem áttu harmoníku svo það var eitthvað hægt að dansa. Eins voru haldnar kvöldvökur. Það voru líka lesnar sögur og mikið kveðið af rímum. Svo fóru alltaf fram húslestrar á hverjum einasta sunnudegi. Þá voru líka sungnir sálmar. Á föstunni, eins og núna, voru alltaf lesnir Passíu-sálmar og lesið upp úr Guðspjöllunum á hverju kvöldi. Í Sléttu-hreppi var lestrarfélag síðustu árin og þá fengum við sendan kassa fullan af bókum á haustin en honum var bytt út á milli fólksins. Það var svo að skiptast á þeim yfir veturinn. Eins var til fullt af rímum og sungin kvæði. Það var gamall vani hjá okkur krökkunum að setjast saman í rökkrunu og syngja ættjarðarlög. Maður lærði þetta allt þegar maður var smá polli.“

Langt á Ísafjörð

- Hvernig var nálægðin við hafið?

„Maður tók þessu bara eins og það var. En það var náttúrlega brimasamt þarna, sérstaklega á haustin. Þó kom aldrei neitt fyrir. Þegar farið var á milli bæja þurfti að sæta sjávarföllum og svo er ós í höfninni á Hornvík sem maður þurfti að passa sig á ef aldan var mikil. En þetta vissu allir og þetta bara var svona. Það kom hafís á hverju vori en stóð nú oft stutt við. Maður heyrði sögur af ísbjörnum en þeir komu ekki á meðan ég var þarna. Einhvern-tíma hafði verið drepinn hvíta-björn undir Hornbjarginu og svo var einn drepinn hinumegin í víkinni seint um sumar.“

- Þótti langt á Ísafjörð?

„Já, það var mikið ferðalag og menn fóru það ekki nema ef þeir þurftu að afla einhvers matar-kyns. Það var nóg timbur á rek-anum sem var sagað niður og gripið til þegar þurfti. Þannig bjargaði fólk sér. En það var alltaf farið á Ísafjörð á haustin til að ná í birgðir fyrir veturinn.“

- Hvað varstu gamall þegar þú komst fyrst hingað?

„Ég var sennilega orðinn sextán ára. Þá fórum við jafnaldri minn saman. Maður þekkti fullt af sjómönnum héðan því þeir voru að róa á bátum norður með og komu þá inn á Hornvíkina.“

Aðspurður um matarræðið á Horni, svarar Arnór:

„Við notuðum sýru til að geyma matinn. En þarna tíðkaðist að færa frá því það voru ekki allir með það mikið af kúm að þeir ættu noga mjólk. Því voru lömbin tekin undan rollunum og svo mjólkaði maður þær og safnaði bæði skyri og smjöri yfir sumar-ið. Um leið safnaði maður sýru til að geyma í mat, kjöt og slátur. En svo var alltaf nóg til að fiski, bæði saltfiskur og hertur fiskur. Maður fékk líka oft nýmeti yfir veturinn. Ef leit vel út með veður voru bátarnir mokaðir upp úr snjónum og hafðir klárir fyrir næsta dag.“

Vantaði tækifæri

Í kringum 1946 lögðust byggðir af á Hornströndum, af hverju? „Hvað gerðist veit maður ekki. En það blasti við að unga fólkið var allt farið annað í vinnu, suður eða eitthvað annað. Jafnaldrar mínir höfðu byrjað að fara vertíðir á Suðurnesjum áður en farið var að hugsa um að flytja í burtu. Þeir reyndar komu til baka á sumrin til að heyja og hjálpa til. Á tímabili var drift í Hesteyrarfirði, þar var síldarverksmiðja og

þangað fóru margir ungir menn í vinnu. Báðir bræður mínir fóru þangað á síldarvertíð. Annars hafði unga fólkið ekki möguleika á að afla sér neins nema að fara eitthvað í burtu. Þetta er kannski alveg sama sagan og hér á Ísafirði í dag. Það vantar tækifæri fyrir unga fólkið og því flytur það.“

Gegnumlýst egg

„Áður en við fórum var svo sem alltaf nóg að gera. Maður varð líka að hugsa um heimilið og hjálpa til. Ég beið með eftir-væntingu eftir því að komast í björgin á vorin. Manni fannst það algert ævintýri. Fyrst þegar ég byrjaði að fara, þrettán eða fjórtán ára, var ég hafður á gægju. Þá lá ég á brúninni og fylgdist með fyglingnum tína úr bjarginu. Það var ekkert vandamál fyrir mig að horfa niður. Síðan æxlaðist það þannig að maður byrjaði að fara sjálfur í augað og síga. Ef nóg var af eggjum fyrir var maður oft með 250-300 stykki í hvippunni.“

- Hvað gerðuð þið við eggin?

„Við reyndum að selja þau. Oft birtust skip sem voru á leið af veiðum og renndu þá inn á vikina og keyptu allt sem til var af eggjum. Þetta var töluverður peningur á tímabili. Svo fórum við að sortera eggin eftir gæðum með því að gegnumlýsa þau. Fyrst tók maður eggjið alltaf í lófann og bar það upp að sólinni til að sjá hvort nokkuð væri blettur í því. Svo kom rafmagns-ljós og þá notuðum við geyma og peru. En ljósið átti til að dofna og þetta var órugg aðferð. Þá datt einhverjum í hug að setjast inn í koldimman klefa og búa til gat fyrir egg út í birtuna. Þetta kostaði ekki neitt og var sniðug aðferð. Við seldum eggin hér á Ísafirði í gæðaflokkum. Þá var

alltaf miðað við að eitt kíló af hænueggjum og kíló af svart-fuglseggjum kostaði það sama. Það er svolítið breytt í dag,“ segir Arnór og hlær.

Húsgagnsmíði

Arnór var 24 ára gamall þegar hann flutti á Ísafjörð.

„En ég var búinn að vera hér tíma og tíma. Um hávetrin var minna að gera heima og ef maður var ekki að saga timbur til að eiga í staura og viðgerðir á hús-um, fór maður hingað vestur og fékk sér nokkrar legur með bát-unum. Fór að beita og svoleiðis. Ég hafði líka komið einn vetur í skíðaskóla. Þetta var sex vikna námskeið og Guðmundur Hallgrímsson sem bjó á Grafargili í Önunðarfirði kenndi okkur. Hann hafði lært í Svíþjóð og maður fékk ágætis tækni út úr þessu. Fyrir norðan var náttúrlega yfir fjöll að fara og allskonar færð þegar maður skrapp á milli bæja. Þá gengu menn á heima-gerðum mannbroddum en það var búið eftir að maður fékk stálkanta undir skíðin.“

Fyrst eftir að Arnór fluttist á Ísafjörð starfaði hann sem bað-vörður í Sundhöllinni.

„Þar var ég í eitt og hálft ár. Ég var búinn að tala við smíð um að komast í nám og þar kom að ég fékk pláss til að læra húsgagnasmíði, árið 1948. Síðan hef ég verið í því. Reyndar fékkst ég ekki mikið við húsgagnasmíði nema rétt á meðan ég var að læra. Þá smíðuðum við húsgögn í massa-vís og tókum ekki fyrir minna en fimmtíu stykki af borðstofustól-um í einu til að eiga ef kæmi pöntun. Við smíðuðum líka kolla, skápa, sófagrindur og alls-kyns dót. En svo byrjaði Aðal-björn Tryggvason að fá húsgögn frá Valbjörk á Akureyri og þá lokaðist alveg fyrir þetta hjá okk-





ur. Þangað til fólk byrjaði að koma til okkar með þessi hús-gögn frá Akureyri sem var verið að selja og biðja okkur um að gera við þau,“ segir Arnór og hlær.

- Þú ert væntanlega búinn að smíða mörg hús á Ísafirði?

„Já, ég er búinn að vera við smíði á nokkrum þeirra. Til dæmis teiknuðum við bræðurnir þetta hús og smíðuðum það sjálfir. Reyndar varð ég að fá Ágúst Guðmundsson, húsasmið til að skrifa upp á teikninguna þar sem ég var ekki lærður húsasmiður sjálfur.“

Refurinn og fuglinn

- Nú er verið að tala um að fugli hafi fækkað mikið í björgunum á Hornströndum, ertu sam-mála því?

„Þessir menn vita ekkert um hvað þeir eru að tala. Það eru að vísu kaflar í Hornbjarginu sem hafa verið eyðilagðir. Það er merkilegt með refinn að hann fór aldrei í þessa kafla í bjarginu fyrr en eftir að mennirnir fóru að fara upp í þá úr fjörunni. Það var reyndar gert áður fyrr en var ekki algengt og þá yfirleitt til að snara fugl, ekki til að taka egg. En fyrir kannski 20 árum byrjuðu menn að fara upp í þessi svæði, úr fjörunni. Það er náttúrlega miklu hættulegra en að síga, út af hruni.

En menn gerðu þetta frekar svona á sínum tíma til að þurfa ekki að kaupa festar. Svo virðist refurinn hafa lært þetta af manninum. Það hafði aldrei sést refur á þessu svæðum fyrr en mennirnir byrjuðu á þessu og refurinn fylgdi bara á eftir, fór upp lóðréttu klettana. Þannig að á þessu köflum þurrkar refurinn þetta,“ segir Arnór.

„Við vorum á sömu stöðum ár eftir en pössuðum okkur á að ganga vel um. Skildum alltaf eftir hálf tóku um. Í áratugi var engin munur á eggjatöku þarna. En þegar við fluttum burtu fór þetta allt í hund og kött. Þá tóku menn hvert einasta egg og það var ekkert hirt um að fuglinn fengi að unga út. Svo fylgir refurinn í kjölfarið.“

Í Hælavíkurbjargi hefur ekkert breyst enn þann daginn í dag. Þar er miklu meira af fugli en í Hornbjargi. Það er ekki einasta bjarg á Íslandi með svipað mikið af fugli og Hælavíkurbjarg. Stundum er talað um að mikið sé af fugli í Látrabjargi en það er ekki neitt í samanburði við Hælavíkurbjarg. Menn bara þekkja það ekki og það er ekki hlaupið að því að fara á stærstu eggja-svæðin. Það eru svo miklar torfærur á leiðinni. Þarna eru gilskorningar sem eru fullir af klaka á vorin, einmitt þegar fuglinn er að verpa. Menn með fullu viti

fara þetta ekki. Þannig var það reyndar ekki í gamla daga, maður bara fór, til að komast í eggin.“

Hornvík á hverju sumri

- Það eru líka skiptar skoðanir um refinn og friðlandið á Hornströndum.

„Þetta er bara bull. Refurinn er skaðvaldur og á ekki að fá að ganga svona laus. Þegar við bjuggum í Hornvíkinni voru skotnar 20-30 tófur á hverjum einasta vetri. En það vantaði aldrei ref. Engu að síður lágu allir fyrir tófum á meðan eitthvað fékkst fyrir skinnin. En svo taka þeir upp á að friða hann. Afleiðingarnar eru þær að hann er búinn að skemma þessi svæði í Hornbjarginu þar sem fuglinn verpti. Hugsanlega hefur hann líka áhrif á mófuglinn þótt minkurinn sé mun verri. Þótt við höfum ekki orðið vör við mink undanfarin ár heldur hann sig líklega frammi í víkinni, þar eru vötn og kjörið svæði fyrir minkinn,“ segir Arnór.

- Ferðu í Hornvík á hverju ári?

„Við eigum hús á Horni og reynum að fara 4-5 daga á hverju sumri. Tímanum er skipt niður á fjölskylduna og hún verður stöðugt stærri. En nú stendur til að maður fái ekki að veiða sér fugl í soðið. Ég hef alltaf reynt að fara með fuglastöng upp á bjargið og snara nokkra fugla. Nú leggst

það af ef þetta nær fram að ganga. Enn annað ruglið. Ef fólk heldur að ráðið til að snúa við fækkun á fugli sé að friða hann er það alveg öfugt við. Fuglinn fer á eftir ætinu og færir sig til.“

Tveir bílar

- Stundarðu enn skíði og úti-vist?

„Nei, ég er nú hættur því. Skrokkurinn er orðinn svo lélegur að það er ekki hægt að nota hann við það lengur. Auðvitað þyrfti maður að hreyfa sig aðeins meira. Ég er þó að dunda við ýmislegt, svona smádót sem fólk þarf að láta gera við. Það er alltaf verið að biðja mann að gera eitthvað, smíða stykki í og svona. Þessir ungu menn virðast hafa ýmsu öðru að sinna. Maður þarf reyndar oft að hafa réttu tækin við hendina og ég er með smíðju í kjallaranum. Það er gaman að hafa eitthvað til að hugsa um. Svo koma börn og barnabörn stundum í heimsókn. Annars situr maður ekki bara hér heima heldur kíkir líka í bæinn og hittir fólk. Ég rekst á mikið af ungu fólki sem ég þekki ekki en kannast við svipinn á. Veit því hvaðan það er,“ segir Arnór og kímir.

- Finnst þér Ísafjörður hafa breyst mikið?

„Já, hann hefur gjörbreyst. Þegar ég kom voru tveir fólks-

bílar á öllu svæðinu, Kristinn Björnsson í Hnífsdal og Viggó Bergsveinsson hér á Ísafirði. Og þegar við byggðum þetta hús voru fjórir vörubílar hérna. Nú eru allir á bíl.“

- Það er búið að tala mikið um veðrið og snjóinn í vetur. Þykir þér veturinn hafa verið harður?

„Þetta er líklega mesti snjórinn í tíu ár eða svo. Annars er þetta enginn sérstakur vetur og ekkert í líkingu við það sem var hér í gamla daga, þá náðu skaflarnir oft upp á aðra hæð hússins. Árin 1946 og 1947 þegar Hekla gaus, voru alvöru snjóavetrar. Undanfarin ár hefur varla þurft að moka frá dyrum.“

Langlífi

- Þú varst níræður í janúar, heldur vel heilsu og ert áberandi minnugur. Er langlífi í fjölskyldunni? „Haraldur bróður varð 91 árs, Bergmundur var kominn hátt í nírætt þegar hann dó, mamma var komin hátt á níræðisaldur og móðuramma mín varð nærri átt-ræð. Já, það er nokkuð lífseigt í fjölskyldunni.“

- Og þú, ætlarðu að verða hundrað ára? „Ætli það borgi sig nokkuð að vera ákveða eitthvað í þeim efnun,“ segir Arnór og brosir.

- *Huldar Breiðfjörð.*

Vestfirskir verktakar voru framúrskarandi fyrirtæki á síðasta ári

Vestfirskir verktakar ehf., á Ísafirði var framúrskarandi fyrirtæki á síðasta ári samkvæmt greiningu Creditinfo. Ríflega 32 þúsund fyrirtæki eru skráð í hlutafélagaskrá og reyndust 245 þeirra uppfylla skilyrði Creditinfo eða innan við 1%. Fram kemur á vef Creditinfo að vottun sem þessi þekkist víða erlendis

en hins vegar sé á stærri mörkuðum algengara að skilyrði vottunar séu ekki eins ströng og ákveðið var að setja hérlandis. Það er mat Creditinfo að á litlum markaði sé mikilvægara að draga fram styrkleika fyrirtækja sem birtast í stöðugleika í rekstri fremur en niðurstöður einstakra rekstrarára. „Slíkar kröfur eru lík-

legri til að undanskilja sveiflukenndan árangur stærri eignarhalds- og móðurfélaga en undirstrika frekar styrkleika fyrirtækja í virkri starfsemi.“

Til grundvallar á mati Creditinfo verða fyrirtæki að hafa skilað inn ársreikningum til Ríkisskattstjóra síðastliðin þrjú ár og líkur á vanskilum séu minni en 0,5%.

Rekstarhagnaður og ársniðurstaða verður að hafa verið jákvæð í þrjú ár í röð. Þá verða eignir að hafa verið 80 milljónir eða meira árin 2008 til 2010 og eigið fé að vera 20% eða meira á tímabilinu. Fyrirtækið verður að vera með skráðan framkvæmdastjóra og stjórnarmenn í hlutafélagaskrá og vera virkt fyrirtæki samkvæmt

skilgreiningu Creditinfo. Vestfirskir verktakar ehf. á Ísafirði var stofnaðar árið 2003 við samruna þriggja fyrirtækja, Eiríks og Einars Vals hf., GS trésmíði og Múrkrafts. Markmið Vestfirska verktaka er að veita alhliða fyrsta flokks þjónustu á sviði nýbygginga, almenns viðhalds og endurbóta. — *asta@bb.is*

81% nemenda sáttir við aga

Nær 78% nemenda við Grunnskólann á Ísafirði segja skipulag kennslustunda gott og 87% nemenda telja sig fá skýr fyrirmæli um hvað þeir eigi að gera í kennslustundum. Hins vegar telja 22% nemenda skipulag kennslustunda ekki nógu gott og 13% nemenda vita sjaldan hvað þeir

eiga að gera, að því er fram kemur í sjálfsmatsskýrslu skólans, sem lögum samkvæmt ber grunnskólum skylda til að birta slíka skýrslu einu sinni á ári.

Við gerð matsins var lögð áhersla á að greina hvort nemendur upplifi það svo að kennarar sýni þeim almennt kurteisi og

virðingu, hvort þeir fái þá hjálp sem þeir telja sig þurfa og hvernig þeir meti aga í kennslustundum. Í ljós kom að 76% nemenda telja að þeim sé alltaf eða oftast sýnd virðing í samskiptum og 81% nemenda telja sig alltaf fá hjálp um leið og kennarinn hefur færi á að hjálpa þeim. 81% nemenda

eru líka sáttir við aga í kennslustundum en 19% telja hann of lítinn.

Markmiðið með sjálfsmatinu er að greina frekar niðurstöður síðasta árs þannig að hægt verði að vinna að úrbótum á grundvelli greiningarinnar. Að fá mat á ákveðnum þáttum varðandi stuð-

ing stjórnenda við starfsmenn. Að meta upplýsingastreymi og eftirfylgni mála í skólanum. Að fá mat nemenda á verkstjórn kennara og að greina ákveðna þætti í upplifun nemenda af samskiptum við kennara. Niðurstöður matsins verða notaðar til að bæta verkferla í skólanum og við starfsþróun á persónulegum grunni fyrir starfsmenn.



Hrannargata 2.

Stefna að opnun fyrir páska

Endurbætur á fasteigninni að Hrannargötu 2 á Ísafirði ganga vel og vonast eigendurnir, bræðurnir Halldóra Eraclides og Theódór Theodórsson, til að hægt verði að opna þar kaffihús og gistiheimili fyrir páska. „Það er allt á fullu hér, bæði inni og úti og við höfum því hug á að opna fyrir páska. Endurbæturnar hafa gengið mun betur en við bjuggumst við í upphafi og allar áætlanir hafa staðist til þessa. Gistiheimilið verður tilbúið fyrir páska en spurningin er hvort við náum að opna kaffihúsið,“ segir Halldór. Gistiheimilið verður á efri hæð hússins og kaffihúsið á þeirri neðri. Þar verður opið frá morgni til kvölds og boðið upp á súpu og rétti dagsins auk kaffidrykkja.

Framkvæmdum utanhúss er að mestu lokið að sögn Halldórs. „Það er einhver múrvinna eftir og þá á eftir að taka garðinn í gegn en það verður ekki gert fyrr en í vor. Efri hæðin er tilbúin, en á neðri hæðinni höfum við verið að vinna því að ná upprunalega gólfinu upp. Við viljum hafa húsið sem mest í upprunalegum stíl, t.d. höfum við skipt út öllum gluggum til þess að þeir séu eins og þeir voru. Við erum líka mjög ánægðir hvernig til tókst með klæðninguna á húsinu, en við vorum mikið að velta þessu fyrir okkur hvernig best væri að gera þetta,“ segir Halldór og bætir við að stillansarnir fari niður í byrjun mars enda vilji bræðurnir hafa umhverfið eins snyrtilegt og mögulegt er þegar páskarnir koma.

Sundlaugar loka í 4-5 vikur í sumar

Ráðgert er að sundlaugar Ísafjarðarbæjar verði lokaðar í 4-5 vikur í sumar í sparnaðarskyni að því er fram kemur í greinargerð með fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Annars vegar er um að ræða tíambíl frá miðjum maí og út mánuðinn og hins vegar frá síðari hluta ágústmánaðar og fram í september. Sparnaður vegna sumarlokunar Sundhallarinnar á Ísafirði er áætlaður um 1,6 milljónir króna. Aðeins einn sumarafleysingamaður verður ráðinn við sundlaugin á Flateyri í stað tveggja eins og venja er. Á Þingeyri er auk sumarlokana, ráðgert að stytta opnunartímann yfir vetrarmánuðina en sundlaugin á Þingeyri hefur verið mun meira opin en aðrar sundlaugar sveitarfélagsins.

Sumarstarfsmaður verður þó ráðinn þar sem tjaldstæðið er inni í rekstri sundlaugarinnar og því verða að vera tveir starfsmenn að vera á vakt. Líkt og í öðrum sundlaugum er gert ráð fyrir að sundlaugin á Þingeyri loki í 4 til 5 vikur og minnki þar með þörf fyrir afleysingu yfir sumarmánuðina.

Selur fylgist með skútunum


Segja má að nýr hafnarvörður sé tekinn til starfa við skútubryggjuna á Ísafirði en þar hefur myndarlegur selur haldið sig síðustu daga. Selurinn tekur lífinu með ró og kippir sér lítið upp við umferð mannfólksins á höfninni. Þá fannst honum ekkert tiltökumál að ljósmyndari blaðsins myndaði hann. Þess má geta að talningar á fjölda landsela við Íslandsstrendur fóru fram í júlí til september síðastliðinn á vegum Selaseturs Íslands. Talningin var sú viðamesta sem ráðist hefur verið í til þessa en hún fór þannig fram að flogið var yfir alla landshluta allt að þrisvar sinnum og var fjöldi sjáanlegra landsela talin í öllum lätum.

Að meðaltali sáust um 4.512 landselir, en sú tala er mitt á milli talningarniðurstöðu áruna 2003 og 2006. Þrátt fyrir síminnkandi veiðar landsela benda niðurstöðurnar til að landselsstofninn hafi ekki rétt úr kútnum síðan árið 2003. Skýringar á því geta verið margvíslegar, meðal annars er líklegt að slysveiðar á sel í fiskinet hafi neikvæð áhrif á landselsstofninn.

– thelma@bb.is

smáar

Til sölu er Suzuki Ignis, 4x4, 5 dyra, sjálfskiptur, árg. 2003, ekinn 105 þús. km. Verð kr. 690 þús. Upplýsingar í síma 895 4115.



Selurinn á bryggjunni á Ísafirði.

Háskólasetrið undirbýr námsleið í sjávar tengdri nýsköpun

Háskólasetur Vestfjarða undirbýr stofnun námsleiðar í sjávar tengdri nýsköpun í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskólann á Akureyri. Ráðgert er að nær öll kennslan verði samkennd námsframboði Háskólasetursins eða samstarfsneti íslenskra háskóla, að því er fram kemur í pistli Peters Weiss, forstöðumanns Háskólasetursins á vef Bygðastofnunar. Eitt af markmiðum nýrrar námsleiðar í sjávar tengdri nýsköpun er að finna leiðir til að koma í veg fyrir að útskriftarnemar fari frá Vestfjörðum að námi loknu.

Í úttekt Atvinnuþróunarfélags

Vestfjarða á hagrænum áhrifum Háskólasetursins kom fram að fyrir hverja krónu sem ríkið ver í Háskólasetrið koma tvær til baka í samfélagið. Vegur þar mest meistaranámið, enda framfærslukostnaður námsmanna aðkomufé þar sem flestir nemendur koma erlendis frá. Flestir nemendur hverfa þó frá Vestfjörðum að námi loknum.

„Reynslan sýnir að þó að þeir (nemendurnir) fá mjög áhuga verð störf úti, en lítið er af störfum við hæfi á Vestfjörðum. Einhverjir hafa fengið rannsóknartengd störf, þar sem íslensku kunnátta var ekki forsenda, á landsbyggð-

inni og sýnir það að þessir námsmenn taka ekki endilega Reykjavík fram yfir annað. Ætla má að það séu árlega 5-10 námsmenn sem eru mjög til í að lengja sína dvöl á Ísafirði, ef þeir fengu starf við hæfi,“ segir Peter.

Að sögn Peters leynist í hverjum árgangi nemenda við Háskólasetursins einhver frumkvöðull, það hafi hins vegar vant að leiðir til að virkja þá, en mikilvægur þáttur hinnar nýju námsleiðar verður fullvinnsla nýsköpunarverkefna. Þó er aðeins gert ráð fyrir að nemendafjöldi verði innan við fimm nemendur á ári en markmiðið er að einn þessara

nemenda nái að skapa sér lífi brauð á Vestfjörðum með útfærslu nýsköpunarhugmyndar.

„Beinu hagrænu áhrifin verða kannski ekki sérlega mikil vegna lágs námsmannafjölda, þó svo að nýsköpunarverkefnin geti sjálfsagt undið upp á sig. Það eru hins vegar miklu frekar félagslegu áhrifin, sem skipta hér máli. Það eru frumkvöðlarnir, sem vantar á jaðarsvæðin og það að vera með flóru nýsköpunarverkefna í gangi breytir ímynd tapsvæðis í eitthvað áhugavert, aðlaðandi svæði, sem aftur á móti hefur áhrif sem erfitt er að mæla,“ segir í pistlinum. – asta@bb.is

Fækkar í þjóðkirkjunni

Stakkur skrifar >

Þjóðkirkjan hefur átt undir högg að sækja og verður forvitnilegt að sjá hvort biskupskjör í vor breyti þar einhverju um. Þjóðkirkjan hefur átt undir högg að sækja og kemur þar ýmislegt til. Margt hefur verið sagt á opinberum vettvangi um það sem miður hefur farið innan kirkjunnar. Þótt vissulega sé margt sem betur mætti fara þá hafa vandamál, sem eiga rætur sínar nokkuð langt aftur, átt sinn þátt í því að umræður hafa verið harðar og gagnrýni enn harðari. Eðlilegt kann að teljast að hún beinist að þeim sem situr í forsæti hverju sinni. Biskup hefur mátt sæta því að margir telja hann bera ábyrgð á því hvernig hefur verið tekið á málum. Þó eru ekki allir sammála um réttmæti þeirrar gagnrýni. Aðrir telja hana eiga fullan rétt á sér. Hann hefur kosið að hverfa úr embætti án þess að gefa neinar nákvæmar skýringar. Embættismaður sem setið hefur lengi þarf þess ekki. Ætla mætti að andófi gegn þjóðkirkjunni linniti við þessa ákvörðun. Ekki er að sjá að svo sé. Rísið hafa upp hópar sem telja kirkju og trú ekki eiga nokkra samleið með grunnskólum. Sumir foreldrar vilja ráða trúarbragðafræðslu barna sinna. Það er í sjálftu sér auðleyst mál án þess að kirkju sé úthýst úr skólum.

Á síðasta ári fækkaði í þjóðkirkjunni um 1.589 manns. Við nýliðin áramót voru alls 245.456 Íslendingar skráðir í þjóðkirkjuna. Það samsvarar 76,8% þjóðarinnar. Þetta hlutfall var 82% fyrir fimm árum. Samkvæmt þessum bláköldu tölum er ljóst hvert stefnir. Þessar upplýsingar eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Fækkun í þjóðkirkjunni var þó minni síðasta árið en það sem á undan fór, en þá

fækkaði um 4.242. Um áramótin voru 15.802 manns utan trúfélaga og eru það tæplega 5% þjóðarinnar. Fyrir nærri fimm árum, 2007, var þetta hlutfall 2,6% og hefur nærri tvöfaldast. Heldur fleiri konur en karlar heyra til þjóðkirkjunnar. Karlarnir eru 121.880 en konurnar 123.576. Fyrir þremur árum var hverfandi munur milli kynja varðandi skráningar í þjóðkirkjunni. Einhverra hluta vegna hverfa fleiri karlar en konur frá þjóðkirkjunni. Ekki er að finna neinar rannsóknir sem varpa ljósi á þessa staðreynd sem engu að síður sýnir að um 1700 færri karlar eru þar skráðir. Sjálfsagt hefur fjöldi innflytjenda áhrif á hlutfallslega fækkun fólks í þjóðkirkjunni, en samt stendur eftir að þjóðkirkjufólk hefur farið og gerir enn.

Hvernig sem biskupskosningar fara í vor og hvort oft þarf að kjósa eða ekki eða kærúmal verði mörg má ekki gleyma þeirri staðreynd að þjóðkirkjan með kostum sínum og göllum er trúfélag meira þriggja fjórðu hluta þjóðarinnar. Nýs biskups biður vandasamt verk að efla traust á kirkju sinni og samstöðu þeirra sem þar vilja vera og finna þar skjól trúarþörf sinni. Miklu skiptir að vel takist til um val biskups. Ekki er skortur frambjóðenda sem taka vilja þetta afar mikilvæga hlutverk að sér. Kannski þarf þjóðkirkjan að gæta þess að vera í betra sambandi við sóknarbörn sín og ganga í takt með þeim. Sömuleiðis er æskilegt að sóknarbörn rækti samband sitt við kirkjuna og muni að þjóðkirkjan þjónar þeim og ef þjónustan fer úr lagi að benda þá á það sem betur má fara.

Vegagerð á Vestfjörðum verði færð frammar í samgönguáætlun

Flýta verður vegagerð á Vestfjörðum svo hægt verði að koma í veg fyrir óhagstæða byggðabróun. Þetta kemur fram í ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, varðandi þingsályktun um samgönguáætlun 2011-2022. Fjórðungssambandið telur að tvöfalda verði framlög til vegamála á Vestfjörðum á tímabilinu 2013-2018 og færa framkvæmdir á Vestfjörðum frammar í forgang. Ný samgönguáætlun verði að taka mið af því að Vestfirðir séu eini landshlutinn sem ekki hefur

fengið nútímalegar vegabætur á milli helstu þéttbýlisstaða eða til að tengja öll byggðarlög aðalþjóðvegakerfi landsins.

„Ný samgönguáætlun, sem ástæða er til að fagna að loks hafi verið lögð fram, verður að taka mið af þessari staðreynd, ef stjórnvöld vilja uppfylla markmið um greiðar samgöngur og jafnræði þegna landsins. Með því að verkefni á Vestfjörðum verði sett í forgang í samgönguáætlun má best tryggja að orðum um forgang Vestfjarðar í samgöngu-

málum fylgi efndir,“ segir í ályktuninni sem hefur verið send umhverfis og samgöngunefnd Alþingis, þingmanna Norðvesturkjördæmis og Ögmundi Jónassyni, innanríkisráðherra.

Fjórðungssambandið hvetur til að vegagerð um Austur-Barðastrandsýslu verði klár, sem og að flýtt verði fyrir mikilvægum framkvæmdum í samgöngumálum Vestfjarða, til að tengja saman þéttbýlisstaði og byggðir. „Þar er mikilvægast að tengja Ísafjarðarsýslu og Barðastrandsýslu og

að tengja Árneshrepp við Þjóðvegakerfi Strandasýslu. Dýrafjarðargöng og vegur um Dynjandisheiði hafa verið færð aftast í samgönguáætlun til árána 2019-2022. Hið sama gildir um nýframkvæmdir á Veidileysuhálsi sem áætlaðar eru á árabílinu 2019-2022 og Bjarnafjarðarhálsi á árabílinu 2015-2018, á leiðinni frá Steingrímsfirði og norður í Árneshrepp. Þessar framkvæmdir verða að færast frammar í röðinni, til að hægt sé að spyrna við fótum gegn óhagstæðri byggðab-

þróun eða jafnvel falli byggða á svæðinu,“ segir í ályktuninni.

Þá hvetur Fjórðungssambandið Alþingi til að taka samgönguáætlun til gagnerrar skoðunar og færi fram mikilvægar úrbætur sem Vestfirðingar hafa beðið eftir. „Þetta þarf að fjármagna á næstu 5-7 árum til að uppfylla markmið um jafnræði allra þegna landsins. Vestfirðingar horfa til samgöngufyrirvalda og Alþingis um liðsinni í þessu mikilsverða máli fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum,“ segir í ályktuninni.



Halldór Halldórsson á kajak í Ísafjarðardjúpi.

Bæta við ferðum fyrir sumarið

„Við erum hjartsýn og hress fyrir sumarið,“ segir Halldór Halldórsson einn aðstandenda ferðabjónustunnar Ögur Travel sem sett var á stofn í Ísafjarðardjúpi á síðasta ári. Ögur Travel mætti með réttu kalla stór fjölskyldufyrirtæki þar sem að baki því stendur sjö manna systkinahópur auk móður þeirra og annarra fjölskyldumeðlima. Það býður upp á leiðsögn í skipulögðum göngu- og kajakferðum um söguslóðir Ísafjarðardjúps. Nú eru í boði fjórtán skipulagðar ferðir hjá fyrirtækinu og hafa best við fjórar frá því síðastliðið sumar. Meðal nýjunganna er að finna gönguferð um slóðir minninganna um Ögur og er sú ferð fyrir fólk sem

ekki hefur áhuga á löngum göngu- eða kajakferðum. Einnig er að finna ferð þar sem gengið er á fimm fjöll á fimm dögum.

„Við ákváðum að bjóða upp á fleiri staðlaðar ferðir en í fyrra voru í boði fimm gönguferðir og fimm kajakferðir sem allt voru dagsferðir. Við ákváðum því að bjóða einnig upp á lengri ævintrýraferðir og ferð fyrir þá sem kannski ekki hafa tök á því að fara í lengri ferðir. Auk þess býðst viðskiptavinum að móta sínar eigin ferðir allt frá einni klukkustund upp í 14 daga ferðir,“ segir Halldór. Einnig stendur nú til að í sumar verði bætt við veitingum í gamla samkomuhúsinu á staðnum sem fyrir löngu er orðið víð-

frægt eftir 90 ára sögu. „Við ætlum að bjóða upp á svokallaðan „slow food“ mat sem búinn verður til úr staðbundnu hráefni eftir því sem hægt er,“ segir Halldór.

Hann segir sumarið leggjast afar vel í systkinahópinn og að þrátt fyrir að hafa verið nýliðar síðasta sumar hafi fyrirtækið farið vel af stað og því verið vel tekið. „Það er ofsalega gaman að sjá að ferðabjónustan er að eflast og maður gleðst yfir hverju nýju fyrirtæki og nýju bjónustuframboði sem kemur fram á sjónarsviðið því maður veit að ferðabjónustan á Vestfjörðum virkar þannig að eftir því sem bjónustuframboðið eykst þeim mun meira verður að gera hjá okkur

öllum hinum. Við þurfum að búa til mjög þetta keðju um alla Vestfirði til að halda fólki sem lengst í fjórðungnum þegar það kemur. Það snýst svo mikið um bjónustuframboðið og auðvitað gæði þess, sem ég vil meina að séu mjög mikil mjög víða í fjórðungnum,“ segir Halldór.

Á vef fyrirtækisins er að finna ýmsar upplýsingar um þær ferðir sem eru í boði. „Þjóðverjar eru tíðir gestir á Íslandi og dveljast oft mjög lengi þegar þeir koma en vitaskuld eru allar þjóðir eru okkar markhópur og ekki síst Íslendingar“ segir Halldór Halldórsson ferðabjónustubóndi í Ögri og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. –thelma@bb.is

Uppsagnir kennara yfirvofandi

Líklegt þykir að segja þurfi upp kennurum við Grunnskóla Ísafjarðar í vor vegna fækkunar nemenda á næsta skólaári, að því er segir í greinargerð með fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Uppsagnirnar ráðast af þeim kennslustundum sem skólinn fær úthlutað. Sérfræðingur sem ráðinn var í ágúst til að sinna sérstakri kennslu verður ekki endurráðinn og stuðningsfulltrúum verður fækkað um tvo eða 1,4 stöðugildi. Ekki er gert ráð fyrir að sparnaður vegna uppsagna komi fram fyrr en á næsta ári þar sem kennarar eru á biðlaunum. Þá er gert ráð fyrir að spara hálf stöðugildi við Grunnskóla Öndarfjarðar en þar hefur nemendum fækkað mikið.

Í Grunnskólanum á Suðureyri er gert ráð fyrir breytingu á ræstingu líkt og hefur verið í hinum grunnskólum sveitarfélagsins. Ræstitekni verður sagt upp og skólaliði ráðinn í staðinn. Hann mun einnig sinna húsvörslu. Þá er ráðgert að segja upp svokallaðri staðaruppbót skólastjórans á Suðureyri sem nemur 99 þúsund krónum, en hann er eini skólastjórinn í sveitarfélaginu sem fær slíka uppbót. Einnig er líklegt að um einhverja kennslustunda minnkun verði að ræða á Suðureyri líkt og í öðrum skólum.

Í Grunnskólanum á Þingeyri er gert ráð fyrir að ná 300 þúsund króna sparnaði vegna frímínútnagæslu.

Takk fyrir Tübingen

Eitt það skemmtilega við íslenskt mál er hvernig orð öðlast breytta merkingu í árunna rás. Ég heyrði fyrst orðið eilífðarstúdent í Reykjavík á sjöunda áratugnum þegar ég hélt til náms í Verslunarskólanum. Þá var átt við menn sem voru komnir fast að eða rétt yfir þrítugt og voru enn í skóla – einkum í háskóla. Ég sjálfur og margir fleiri erum löngu búnir að barna þessa merkingu orðsins. Fjarnám, sem margir skólar hafa gefið kost á síðasta áratuginn, hefur valdið byltingu í bæði framboði og eftirspurn eftir námi. Ég hef því svarað spurningunni „hvenær er fólk orðið of gamalt til að læra?“ með einu orði – **aldrei**. En það sem er skylda á ungdómsárum getur orðið skemmtun og tómstundagaman fram eftir öllum aldri.

Það var því með þessu hugarfari sem ég, konan mín, og margir fleiri settust á skólabeck í Háskóla Íslands haustið 2001 og höfum íslenskunám. Þetta hefur síðan orðið einhver hluti daglegra vanaverka að gera eitthvað smávegis í námi. Þegar tveimur góðum áföngum var lokið stóð reyndar til að láta staðar numið, en þá uppgötvaði ég að það var illmögulegt og ákvað þá að dusta rykið af nálæga hálfrar aldar gamalli þýsku úr Verslunarskólanum og innritaði mig því í fyrsta áfanga þessa magnaða tungumáls í Háskóla Íslands.

Tungumálanám - enska og öll hin

Mikið bylting hefur orðið í tungumálanámi á síðustu áratugum í

okkar landi. Á mínum unglingsárum hófum við dönskunám veturinn fyrir fermingu og enskunám veturinn eftir fermingu eða á fimmtánda árinu. Önnur tungumál voru aðeins kennd í framhaldsskólum eins og þýska, franska og latína. Breytingin hefur orðið mest með enskuna því flestir unglingar eru orðnir vel talandi á ensku löngu fyrir fermingu eða á þeim aldri sem við skildum tæplega hvað „yes og no“ þýddi. En hefur það þá ekki skeð með stórauknum áhrifum enskunnar í skólum, kvikmyndum og tónlist og tölvum að önnur merk tungumál hafa verið vanrækt á Íslandi? Mér er ekki grunlaust um að svo sé og við áttum okkur ekki á því að enskan er ekki eins ráðandi í þeim löndum sem við höfum mest samskipti við eins og hér á Íslandi.

Ferðamenn koma til dæmis úr öllum heimshornum og við getum laðað þá til okkar með því að tala þeirra tungu þegar þeir koma, fyrir utan að geta kynnt okkur sögu þeirra og menningu og átt greiðari leið að viðskiptum við þá. Mér varð ljóst hversu miklu þróaðri þjónusta við ferðamenn er t.d. í Noregi heldur en hér þegar við hjónin heimsóttum það ágæta land í fyrrihaust. Þá fórum með m.a. með „Hurtigruten“ frá Harstad til Lofoten. Um borð voru tvær konur sem lýstu skilmerkilega því sem fyrir augu bar á leiðinni og gáfu ferðinni þar með stóraukið gildi. Þær gerðu það fyrst á norsku, síðan ensku, þá þýsku og loks frönsku. Framburður og málfar var í öllum tilfellum eins og þær væru að tala sitt móðurmál. Þær höfðu vakta-



„Fréttamenn“ flytja erlendar fréttir dagsins frá Kanada og Grikklandi.

skipti og virtust báðar vera jafn færar. Látum við ekki oftast duga að dengja ensku á ferðamenn?

Hvers vegna er þýska góður kostur?

Ástæður þess að það væri skynsamlegt fyrir Íslendinga að auka áherslu á þýskunám eru fjölmargar. Þetta er tunga yfir hundrað milljóna í löndum sem við höfum mikil samskipti við þ.e. Þýskaland, Sviss og Austurríki. Í öllum þessum löndum er Íslandsáhugi mikill og fullyrða má að hættu þjóðverjar að leggja leið sína til Íslands yrði hrun í þeim ágæta atvinnuvegi sem ferðaþjónustan er. Við höfum mikil gagnkvæm viðskipti við Þýskaland, kaupum af þeim vandaðar iðnaðarvörur og seljum þeim mikið af fiskafurðum. Menn-

ingarsamskipti hafa lengst af verið mikil. Fjölmargir Íslendingar hafa sótt menntun til Þýskalands. Á ekkert erlent tungumál hafa verið þýddar jafnmargar íslenskar bækur og á þýsku. Nægir þá að minna á nýafstaðna bóka-messu í Frankfurt þar sem Ísland skipaði heiðursess.

Upphaf þýskunáms og ferð til Tübingen

Það gefur augaleið að hver nemandi fær meiri athygli kennarans þar sem fjöldinn er á milli þrjátíu og fjórutíu, eins og er í þýskunni, eða vel á annað hundrad eins og í mörgum enskunám-skeiðum við Háskóla Íslands. En þar fyrir utan eru kennararnir að leggja sig fram um að gera námið lífflegt og skemmtilegt. Liður í því er gefa nemendum árlega kost á að fara í hálfis mánaðar námsferð til **Tübingen** sem er háskólabær í fylkinu **Baden-Württemberg** í Suður-Þýskalandi. Íbúarnir eru um 85.000 en þar af eru um 25.000 sem stunda nám við **Eberhard Karl** háskólann sem stofnaður var árið 1477 og er sá næstelsti í Þýskalandi. Það var fimmtán nemenda hópur sem lagði upp þann 22. janúar til að taka þátt í námsprógrammi sem sérstaklega var sett upp fyrir Íslendinga við háskólann í Tübingen. Þetta námskeið er kostað sameiginlega af þýskum námsjóði fyrir erlenda nemendur, Háskóla Íslands og nemendum sjálfum sem greiða ferðir og hluta uppihalds. Þess ber að geta að Dr. Oddný G. Sverrisdóttir prófessor við Háskóla Íslands á

mestan heiður af að koma þessari hefð á.

Íslenski hópurinn

Þessi hópur var vel kynjaskiptur eða nánast til helminga. Eðlilega voru flestir á aldrinum 20-25 ára en nokkrir þó eldri. Flestir voru af höfuðborgarsvæðinu en nánast allir höfðu þó mikil tengsl út á land. Það var sannmerkt með hópnum að hann var samhentur og félagslyndur. Mörg verkefni voru sameiginleg og reyndist það aldrei vera vandamál. Fyrir mig var það aldrei vandamál að vera „afinn“ í hópnum. Þetta unga fólk var góðir fulltrúar Íslands á erlendri grund og án efa á þjóðfélag okkar eftir að njóta góðs af verkum þeirra í framtíðinni.

Námið í Tübingen

Það lærir enginn nýtt tungumál á hálfis mánaðar námskeiði en það er erfitt að hugsa sér aðra aðferð til að innbyrða jafn mikið og gert var í þessu þaulskipulagða tveggja vikna prógrammi. Oft er sagt á þýsku: „Ordnung muss sein“ eða „skipulag þarf að viðhafa“ og það eru þjóðverjar þekktir fyrir. Þetta var kallað tal-færminámskeið sem er gjörólíkt venjulegu háskólanámi að því leyti að aðeins hluti þess fór fram í skólastofu og þar voru nemendur gerendur ekki minna en hlustendur. Námið var mikið í formi léttra æfinga, komið inn á landafræði, sögu, menningu og einföld málfræðiatríði. Menn fengu að sýna leikræn tilþrif m.a. að leika fréttamenn og flytja innlendar



Sjöfn Heiða Steinson og Halldór Þorgeirsson á Rínarbökkum.

og erlendar fréttir í léttum dúr.

Nám utan skólaveggja

Hluti námsins fór fram úti um víðan völl. Á fyrsta degi fórum við í kynnisferð um þennan bæ sem telst lítill á þýskan mælikvarða þó hér sé aðeins Reykjavík stærri. Kona menntuð í sögu leiddi okkur um helstu merkisstaði bæjarins sem státar bæði af fegurð og mikilli sögu. Einn dag fengum við að heimsækja bakarí sem var mjög skemmtilegt og bakarinn vel fær um að útskýra sitt fag og leyfði okkur að hnoða, baka og borða okkar eigin kringlur (þ. die Brezel). Við heimsóttum sögufrægt munkaklaustur undir leiðsögn og frægt kökugerðarhús í nágrennabæ Tübingen. Tvö kvikmyndakvöld voru haldin.

Hápunkturinn var þó að flestra mati ferð til höfuðstaðar fylkisins, Stuttgart. Það var tæplega klukkustundar ferð í lest. Við komum fyrst að Neckar leikvanginum í Stuttgart þar sem m.a. Ásgeir Sigurvinsson (Sigi) gerði garðinn frægan. En leiðin lá í sögufrægt safn Mercedes Benz þar sem sjá mátti þróun bílaihnaðarins í heila öld og um leið hápunkta í sögu Evrópu á sama tíma. Stutt dagskrárhlé var notað til að skoða þessa nýtskulegu en þó gömlu borg sem varð illa úti í síðari heimstyrjöld. Á miðjum degi var heimsótt listasafnið í Stuttgart þar sem sjá má frumverk eftir ýmsa frægustu listamenn heims eins og Rembrandt, Monet og Picasso.

Eftir kvöldmat var komið að hápunktinum sem var sýning á óperunni Brúðkaup Figarós (þ. Figaros Hochzeit) eftir Mozart. Óperan var eins og flestar aðrar sungin á ítölsku en það mátti lesa texta á þýsku ofan sviðs. Í stuttu máli fóru söngvaramir frá-

bærlega með sín hlutverk og voru marg oft klappaðir upp að lokinni sýningu.

Fyrri laugardagurinn var frídagur. Hann nýtti ég til að heimsækja frænda minn Halldór Þorgeirsson og konu hans Heiðu Steinsson sem hafa búið sjö ár í Bonn. Halldór vinnur fyrir Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna og hefur sótt allar heimsráðstefnur um umhverfismál undanfarin ár. Þetta var stutt en skemmtileg heimsókn á Rínarbakka þar sem við gátum skoðað saman afdrifaríka atburði úr litríkri sögu Evrópu.

Náminu lauk með lokaverkefnum sem nemendur unnu tveir til fjórir í hóp og á lokahóf var öllum boðið sem höfðu á einhvern hátt komið að námskeiðinu og þar var íslenskur þorramatur á borðum. Allt var þar að sjálfsgöðu í léttum dúr.

Kennarar og starfsmenn

Flestir kennarar uppfylla þær skyldur sínar við nemendur að koma námsefni til skila í kennslustundum og fara yfir verkefnaskil. Kennarar okkar í Tübingen létu ekki þar við sitja heldur voru þeir félagar okkar og vinir utan kennslutíma, komu með okkur á veitingahús og fóru með okkur í skoðunarferðir. Sama má segja um aðstoðarmenn þeirra. Ég vildi því senda þessu fólki, kennurunum Stephan Anders og Niels Stock, fóstrunni okkar Terley-Katharina Amertey og skipuleggjaranum Michaela Rödel bestu þakkir fyrir að gera þessar tvær vikur svo innihaldsríkar.

Þjóðverjar og Íslendingar

steiktir upp úr smá smjöri eða olú við háan hita, hitinn er lækkadur og rjómanum hellt á pönnuna. Osti að vild er bætt út í til að þykkja sósuna og hálfum til heilum kjötkraftstening bætt við. Pastað er soðið og sett í sósuna á pönnunni og blandað saman. Salatið er skolað og sítrónan kreist yfir, furuhneturnar eru snögglega ristaðar á pönnu. Pastað er sett í djúpan disk og pipar malaður yfir, salatið er síðan sett ofan á pastað og ein lúka af ristudu furuhnetunum að lokum hellt yfir. Borið fram með ferskum parmesanosti og góðu brauði.

Lítill gulrótarkaka



Heimsókn í bakarí. Arnór hnoðar deig í kringlur. Helga og Hulda fylgjast með.

Oft höfum við heyrt dregnar upp myndir af Þjóðverjum hér á Íslandi, sumar miður fagrar, og þá heyrast oft lýsingarorð eins og nískir – frekir – ágengir. Það er þó oft hæpið að draga upp myndir af þjóð þegar sýnishornið er ferðamenn staddir á erlendra grund. Höldum við t.d. að raunsæ mynd fáiast af Íslendingum ef eingöngu er tekið sem sýnishorn þeir sem dvelja á sólarströndum Spánar eða vildum við láta yfirfæra þá mynd á Íslendinga sem „fjármálasnillingar“ okkar gáfu sparifjáreigendum í Bretlandi og Hollandi? Ég hef ekki dvalið lengi í Þýskalandi en er einn af þeim sem aldrei nenni að skoða götukort, þó ég þvælist víða, en nota þess í stað lifandi vegvísa þ.e. spyr fólk óspart til vegar.

Undantekningalaust var fólkið

mjög vinsamlegt og leysti greiðlega úr mínum málum og kvaddi með þeim orðum að aðstoðin væri sjálfsögð. Ég dvaldi í hálfan mánuð á þýsku heimili og naut þar gestrisni langt umfram það sem í raun er hægt að ætlast til. Við morgunmatinn var alltaf spiluð klassísk tónlist og því sýndur áhugi sem ég var að gera og margt spurt um Ísland. Á kvöldin var alltaf skipst á reynslusögum eins og þýskukunnátta mín dugði til. Það kann að vera að við eigum að gera kröfur um eitthvað meira en ég segi þá eins og unga fólkið. „Ég er ekki búinn að fatta uppá hvað það er.“

Er tímabært að drífa sig í nám?

Að sjálfsögðu er aldrei of seint

að fara í nám. Það þarf hver og einn að finna áhugamál við hæfi þá er úr nógu að móða. Fyrir þá sem hafa áhuga á tungumálum er þýska góður kostur. Fásinna væri að halda fram að þýska sé auðvelt mál. Ég hef stundum líkt því við fjallgöngu að ná tökum á þýskri málfræði sem er álíka erfið og sú íslenska. Það þarf að klífa skorninga og kletta til vinna á málfræðireglum og setningaskipan. En þegar líður á gönguna launa fjöllin fyrir sig með fögru útsýni. Það gerir þýskan einnig. Ferð eins og sú sem ég hef nýlokið færði mér heim sanninn um að kynni af nýju tungumál er gefandi og skemmtilegt. Ég get því sagt að lokum: **Takk fyrir Tübingen eða kannski „danke schön Tübingen!“**

– Ólafur Bjarni Halldórsson.

Sælkeri vikunnar er Edda Rún Guðmundsdóttir frá Ísafirði

Pasta með sveppum og klettasalati

Sælkeri vikunnar býður upp á pasta með sveppum og klettasalati og ljúffenga gulrótarköku.

- Pasta með sveppum og klettasalati
- 250 g ferskt pasta
- 400 g blandaðir sveppir
- 1 dl rjómi
- Rjómaostur eða piparostur
- Ferskmalaður pipar
- Nautakjötkraftur frá knorr (teningar)
- Klettasalat
- Sítrónusafi
- Furuhnetur
- Smjör eða olía

Sveppirnir eru sneiddir og

steiktir upp úr smá smjöri eða olú við háan hita, hitinn er lækkadur og rjómanum hellt á pönnuna. Osti að vild er bætt út í til að þykkja sósuna og hálfum til heilum kjötkraftstening bætt við. Pastað er soðið og sett í sósuna á pönnunni og blandað saman. Salatið er skolað og sítrónan kreist yfir, furuhneturnar eru snögglega ristaðar á pönnu. Pastað er sett í djúpan disk og pipar malaður yfir, salatið er síðan sett ofan á pastað og ein lúka af ristudu furuhnetunum að lokum hellt yfir. Borið fram með ferskum parmesanosti og góðu brauði.

Lítill gulrótarkaka

- 150 grömm púðursykur
- ½ dl olía
- ½ dl mjólk
- 2 egg
- 140 g hveiti
- ¾ tsk lyftiduft
- ¼ tsk salt
- ½ tsk matarsódi
- 1 tsk kanill
- 190 g rifnar gulrætur

Púðursykur, olía og mjólk er þeytt saman og eggjunum þeytt í eitt í einu. Þurrefnum er blandað saman og bætt í og hrært með sleif, gulrótum bætt í að lokum. Bakað í smurðu formi í 45 mínútur við 185 gráður í miðjum ofninum.



- Krem:
- 100 grömm rjómaostur
- 100 grömm flórsykur
- 1 tsk vanillusykur

Gott er að nota meiri flórsykur ef maður vill fá þykkara krem og einnig er gott að setja pínulítið af sítrónusafa í kremið.

Kakan er látin kólna áður en kreminu er smurt á hana og hún síðan skreytt með hökkudum heslihnetum og rifnu hvítu súkkulaði.

Ég skora á systir mína, Öldu Gná Guðmundsdóttir frá Ísafirði.

STÖÐ 2 HEIMSÆKIR ÍSAFJÖRÐ



Stöð 2 heimsækir Ísfirðinga um helgina og hreiðrar um sig í Edinborgarhúsinu, Aðalstræti 7, ásamt fríðu föruneyti á laugardaginn. Kíktu til okkar og kynntu þér ævintýraheim Stöðvar 2. Fjöldi frábærra skemmtiatriða í boði fyrir alla fjölskylduna og léttar veitingar auk þess sem Ísland í dag verður helgaður Ísafirði á föstudaginn.

SKEMMTU ÞÉR MEÐ STÖÐ 2 Á ÍSAFIRÐI UM HELGINA

FÖSTUDAGUR

Þjónustufulltrúar Stöðvar 2 verða í Bónus.

Fréttastofa Stöðvar 2 og Ísland í dag taka púlsinn á Ísafirði.

Týnda kynslóðin fjallar um heimsókn sína til Ísafjarðar fyrr í vikunni.

LAUGARDAGUR - SKEMMTIDAGSKRÁ Í EDINBORGARHÚSINU

Kaffi, bakkelsi, sælgæti og blöðrur í boði milli 12:00 og 15:00.

12:00 Litli leikklúbburinn verður á svæðinu og býður upp á andlitsmálningu.

12:30 Solla Stirða og Íþróttarálfurinn úr Latabæ bregða á leik með börnunum.

13:00 Ríkka reiðir fram kræsingar.

14:00 Ingó töframaður býður upp á magnaða töfraskemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Þjónustufulltrúar Stöðvar 2 verða í Bónus.

KOMDU TIL OKKAR Í KAFFI OG MEÐ ÞVÍ Í EDINBORGARHÚSINU OG KYNNTU ÞÉR ÆVINTÝRAHEIM STÖÐVAR 2

